

# Vefrit fjármálaráðuneytisins

3. nóvember 2005

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-september 2005

**Greiðsluuppjör ríkissjóðs** fyrir fyrstu níu mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppjörunu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 14,6 milljarða króna á tímabilinu, sem er 42,1 milljarði betri útkoma heldur en áætlað var. Útkoman er 25 milljörðum betri en á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárfjöldur er jákvæður um 59,7 milljarða króna miðað við 2,4 milljarða neikvæða stöðu í fyrra. Fjármunahreyfingar eru jákvæðar um 45,2 milljarða. Þar munar mestu um 66 milljarða sölu Landssímans, en á móti vegur að 32 milljarðar af söluandvirðinu eru ávaxtaðar hjá Seðlabanka Íslands samkvæmt sérstöku samkomulagi.

**Heildartekjur** ríkissjóðs námu 305,4 milljörðum króna og hækkuðu um tæpa 104,2 milljarða frá sama tíma í fyrra, eða um 51,8%. Þar af skýrir söluhagnaður og fjármagnstekjuskattur Landssíma Íslands hf. um 62,4 milljarða af hækkingunni. Skatttekjur ríkissjóðs námu um 228,4 milljörðum króna og hækkuðu um 22% frá fyrra ári og er það nokkrum meira en gert var ráð fyrir í áætlunum. Á sama tímabili hækkaði almennt verðlag um 3,9% þannig að skatttekjur hækkuðu að raungildi um 17,4%.

Skattar á tekjur og hagnað námu ríflega 74,7 milljörðum króna á tímabilinu sem er 23,9% meiri innheimta miðað við sama tíma í fyrra. Þar af jókst innheimta tekjuskatta einstaklinga um 10,2% en tekjuskattur lögaðila um 9,4%. Innheimta tekna af fjármagnstekjuskatti var ríflega 17,7 milljarðar og jókst um 107,3% frá fyrra ári en um þriðjung hennar má skýra með fjármagnstekjuskatti af söluandvirði Landssímans. Innheimta tryggingagjalda á tímabilinu nam rúmlega 23,7 milljörðum króna sem er 16,4% hækking frá fyrra ári. Til samanburðar má nefna að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 6,6% á sama tímabili. Innheimta eignarskatta jókst töluvert á milli ára, eða um 39,4% að raungildi en sú aukning endurspeglar að mestu aukna innheimtu stimpilgjalda. Aðrar rekstrartekjur námu 19,5 milljörðum króna og jukust um 5,9 milljarða milli ára sem skýrist einkum af arðgreiðslum frá Landssímanum hf og sektargreiðslum olíufélaganna.

Samanlagt jókst innheimta almennra veltuskatta ríkissjóðs um 20,2% frá fyrra ári eða sem nemur um 15,7% að raungildi. Þar munar mestu um 22,3% meiri innheimtu tekna af virðisaukaskatti sem jafngildir 17,7% raunhækkun. Þessi þróun gefur vísbendingu um að lítið lát virðist vera á almennt eftirspurn. Af öðrum óbeinum sköttum má nefna að töluvert aukning varð í innheimtu vörugjalda af ökutækjum, eða um 71,9%. Sú aukning stafar fyrst og fremst af auknum innflutningi bifreiða en nýskráning bifreiða hefur á fyrstu níu mánuðum ársins aukist um 61,5% frá sama tímabili í fyrra.

**Greidd gjöld** námu 233,6 milljörðum króna og hækka um 20,7 milljarða frá fyrra ári, en þar af skýrast 5,6 milljarðar af gjaldfærslu fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði Símans og 5 milljarðar af hækking vaxtagreiðslna þar sem stór flokkur spariskírteina kom til innlausnar í apríl. Að þessum tveimur liðum frátöldum hækka gjöldin um 10,1 milljarða eða 4,7% milli ára. Útgjöld til félagsmála, þ.e. vegna almannatrygginga, fræðslu- og heilbrigðismála, vega langþyngst í útgjöldum ríkissjóðs, eða 147 milljarðar sem er 2/3 af heildargjöldunum. Þar kemur fram 8,8 milljarða króna hækking, eða 6%. Innan málaflokksins munar mest um hækking til heilbrigðismála, 3,4 milljarða og 3,1 milljarð vegna fræðslumála. Greiðslur til almanna-trygginga hækka hins vegar minna, eða um 1,7 milljarða frá því í fyrra. Hækking annarra málaflokka er mun minni og í heild lækka greiðslur til atvinnumála um 1 milljarð, sem skýrist einkum af lægri greiðslum vegna samgöngumála.

**Lánahreyfingar.** Afborganir lána námu 47,9 milljörðum og skiptast þannig að 33,9 milljarðar eru vegna afborgana erlendra lána og 13,9 milljarðar vegna spariskírteina. Lántökur námu 11,7 milljörðum króna og eru í formi ríkisvixla og ríkisbréfa. Lántökur lækka samtals um 30 milljarða króna milli ára. Þá voru 3 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar sjóðsins. Handbært fé ríkissjóðs hækkaði um 20,6 milljarða frá áramótum fram til septemberloka.

## Álagning skatta á lögaðila hækkar verulega milli ára

Nú í vikunni var birt álagning skattstjóra á lögaðila en hún byggir á upplýsingum um reksturinn eins og hann var árið 2004 og efnahag í lok þess árs. Álagning ríkisins á lögaðila nam alls 53,6 milljörðum króna og hefur hækkað um réttan fjórðung milli ára.


Mestu munar um verulega hækkingu tekjuskatts lögaðila sem nemur 23,8 milljörðum króna og hefur vaxið um 75% frá fyrra ári, eða um rétta 10 milljarða króna. Hann greiða 13.200 gjaldendur og fjölgaði þeim um 16% frá fyrra ári. Áætlanir skattstjóra vegna slakra framtalsskila eru hins vegar mjög miklar eins og undanfarin ár - ívið betri þó en í fyrra- eða um og yfir fjórðungur lögaðila á skrá. Um það bil 6 milljarðar af heildarálagningu tekjuskatts nú eru áætlanir samanborið við 4 milljarða á síðasta ári, eða um helmingshækkun. Þrátt fyrir það er hlutfall þeirra af heildarálagningu tekjuskatts heldur lægra í ár en undanfarin fjögur ár. Skýringin er sú að álagning tekjuskatts án áætlana nær tvöfaldast milli ára, eða úr 9,5 milljörðum í um 18 milljarða króna. Þessi mikla aukning endurspeglar fyrst og fremst það efnahagsástand sem ríkti á árinu 2004 með hagvexti yfir 6%, en tekjuskattur lögaðila er mjög næmur fyrir stöðu efnahagslífsins á hverju tíma; ris hátt þegar vel árar en fellur á hinn bóginn hratt í niðursveiflunni. Af því leiðir að mjög erfitt er að spá fyrir um tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti lögaðila, auk þess sem hann er lagður á fyrirtæki með árstöf. Ljóst er af ofangreindum tölum að tekjuskattur lögaðila mun skila ríkissjóði umtalsvert meiri tekjum í ár en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum.

Af álagningu annarra skatta má nefna tryggingagjaldið sem skilar ríkissjóði jafnvel meiri tekjum en tekjuskatturinn, eða 27,6 milljörðum króna af launagreiðslum ársins 2004. Stærstur hluti þess er hins vegar innheimtur í staðgreiðslu og þá á árinu 2004. Þá nemur álagning eignarskatts 1,5 milljarði króna og hækkaði hann um tæp 13% frá fyrra ári og er nú lagður á síðasta sinn.

## Innflutningur í október

Vöruinnflutningur án skipa og flugvéla nam tæpum 21,5 milljörðum króna í október samkvæmt bráðabirgðatölum um innheimtu virðisaukaskatts. Þetta er umtalsvert minnkun frá því í september og má að mestu rekja til minni innflutnings á eldsneyti. Ef tölurnar reynast réttar sýnir þó meðaltalsinnflutningur síðustu þriggja mánaða tæplega 40% aukningu að raunvirði frá sama tímabili í fyrra, en af þessum mánuðum stendur september upp úr sem stærsti innflutningsmánuður sem af er ári. Ef skoðað er tímabilið janúar til október hefur innflutningur aukist um tæp 30% frá sama tímabili árið 2004. Aukningu má helst rekja til mikils innflutnings á fjárfestingarvörum, ökutækjum og eldsneyti.

## Innflutningur án skipa og flugvéla - staðvört



Tekjur ríkissjóðs janúar-september			
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005	
Skatttekjur alls	15,4	22,0	
Skattar á tekjur og hagnað	20,4	23,9	
Tryggingagjöld	10,1	16,4	
Eignarskattar	21,6	44,8	
Veltuskattar	13,4	20,2	
Tekjur alls	7,4	51,8	

Gjöld ríkissjóðs janúar-september			
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005	
Almenn mál	9,2	3,2	
Félagsmál	10,0	6,3	
Atvinnumál	12,5	-3,1	
Vaxtagjöld	-7,4	43,2	
Önnur útgjöld	0,8	78,6	
Gjöld alls	8,7	9,7	

Afkoma ríkissjóðs janúar-september		
Milljarðar króna	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-10.405	14.581
Hr. lánsfjárfjöldur	-2.436	59.746
Afborgun lána	-30.843	-47.939
Br. lánsfjárfjöldur	-38.904	8.857
Lántökur	40.679	11.698
Greiðsluafkoma	1.775	20.555

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - október	3,7	4,6
Kjarnaverðb. 1- október	3,1	4,8
Launavísitala - september	5,3	6,9
Heildarvelta janúar-júní	9,8	8,7
Smávelta janúar-júní	5,3	9,0
Atvinnuleysi - september	2,6	1,4